



Fréttabréf Árskógarsskóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

20. tölublað, 3. árgangur, apríl 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....
Fílar eru hræddir
við mýs?

Vísaprímur

Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á
halanum með
rauða kúlu á
maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna
handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
svo skal högg á
hendi detta.

Höfundur ókunnur

Blár dagur

Við ætlum að hafa
bláan dag, miðvikud.
2. apríl í tilefni af
alþjóðlegum degi ein-
hverfunnar. Um heim
allan er fólk hvatt til að
klæðast bláum fötum
þennan ágæta dag til að
vekjast athygli á mál-
efninu og í ár ætlum við
að taka þátt. Því
hvetjum við ykkur til að
senda börnin bláklædd í
skólann á
miðvikudaginn 2. apríl.

Kæra skólasamfélag

Gott fólk, senn líður að vori, sumri, sól og sælu. Framundan er skemmtilegur tími, meiri útikennsla, árshátíð, páskafrí og margt fleira. Þann 30. apríl er skólaþing þar sem verður fjallað um sjálfbærni. Í tengslum við þá vinnu ætlum við að skipuleggja útiildunarstæði, matjurtagarð og fleira tengt útikennslu. Okkur langar til að fá foreldra, ömmur, afa eða aðra sem tengjast okkur til að hjálpa okkur í þessari vinnu. Koma með hugmyndir, hjálpa til við jarðvegsskipti, ræktun og hvað annað sem þarf að gera.

Við erum líka byrjuð að hugsa um næsta vetur, skipulag stundaskrár, samkennslu skólastiga og árganga, kennslufyrirkomulag og fleira. Allar góðar og uppbyggjandi ábendingar vel þegnar um hvað má gera betur og hvernig.

Starfsmannahópurinn verður að mestu sá sami en Linda sem starfar sem skólaliði ætlar að hætta og róa á önnur mið, við munum sakna hennar. Starf skólaliða hefur verið auglýst og er frestur til 14. apríl að sækja um.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Árshátíð Árskógarsskóla

verður fimmtudaginn 3. apríl kl. 17:00-18:30 í félagsheimilinu Árskógi.



Miðaverð: 18 ára og eldri 1000 kr. 6-18 ára 500 kr. 0-6 ára frítt.

Nemendur Árskógarsskóla fá frítt.

Foreldrafélag skólans selur súpu, brauð og kaffi að lokinni sýningu.

Verð: 18 ára og eldri 600 kr. 6-18 ára 300 kr. 0-6 ára frítt

Biðjum foreldra að muna að taka frá sæti fyrir börnin þegar þau hafa lokið sínu hlutverki.

Allur ágóði er til styrktar fjölbreyttu starfi foreldrafélagsins og skólans fyrir nemendur.



Þemað er Afríka

**Allir velkomnir og við vonum að sem flestir láti sjá sig.
Nemendur og starfsfólk Árskógarsskóla**

Skólalöping 30. apríl— Sjálfbærni

Næsta skólalöping verður 30. apríl. Þá tökum við fyrir einn sex grunnþátta menntunar **Sjálfbærni** sem snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Skólalöping er fastur liður að hausti og vori í Árskógarsskóla og vinnan með grunnþætti menntunar er hluti af innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Í Árskógarsskóla er unnið að sjálfbærni á ýmsan hátt, meðal annars með:

Félagslegri mótun Uppbyggingarstefnunnar, Grænfánaverkefnum svo sem flokkun, endurvinnslu, umhverfisvitund og umhverfissáttmála, gróðursetningu trjáa, uppskeru rabbarbara, útikennslu og margt fleira.

Eftir árshátíð munu nemendur vinna að hinum ýmsu verkefnum tengdum sjálfbærni sem verða kynnt á skólalöpingi þar sem foreldrum verður sérstaklega boðið að koma.

Í vor langar okkur að fá foreldra með okkur í lið og búa til framtíðarstæði fyrir kartöfu- og grænmetisræktun og skipulag útikennslusvæðis austan við skólann. Við munum kalla eftir sjálfbóðaliðum um leið og síðasti snjó-rinn er um það bil að hverfa.



Grænfánaúttekt

Þann 19. mars komu tvær vaskar konur frá Landvernd í úttekt vegna Grænfánans sem við erum svo stolt af. Þær fengu magnaða kynningu frá nemendum, gengu um skólann og skoðuðu hvað við höfum verið að gera og ræddu við nemendur. Það er skemmst frá því að segja að nemendur og starfsfólk hafa undanfarin tvö ár unnið virkilega vel að umhverfismálum og því munum við endurflagga Grænfána við hátíðlega athöfn miðvikudaginn **28. maí kl. 10⁰⁰**. Sjá kynningu nemenda [hér](#).



Opnunartími og skóladagatal

Árskógarsskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2013-2014](#) svo allt sé á hreinu!







Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing

Viðburðadagatal apríl 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

	<p>1</p> <p>Ingebjörg Jóna 6 ára.</p> 	<p>2</p> <p>Blár dagur í tílefni alþjóðlegum degi einhverfunnar.</p> <p>Allir í blá föt</p> 	<p>3</p> <p>Árshátíð kl. 17⁰⁰</p> 	<p>4</p> <p>Skipulagsdagur Grunnskóla Nemendur frí</p> <p>Kötlukot lokar 12:15</p>	5	6
7	8	9	10	11	12	13
<p>14</p> <p>Grunnskólastig páskafrí</p>	<p>15</p> <p>Grunnskólastig páskafrí</p>	<p>16</p> <p>Grunnskólastig páskafrí</p>	<p>17</p> <p>Páskafrí LOKAÐ</p> 	<p>18</p> <p>Páskafrí LOKAÐ</p>	19	20 Páskadagur
<p>21</p> <p>Páskafrí LOKAÐ</p> 	22	23	<p>24</p> <p>Sumardagurinn fyrsti. LOKAÐ</p> 	25	26	27
28	29	30				